

Bstj. 21. október 2008

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kveð mér hér hljóðs vegna 12. liðar á dagskrá borgarráðs frá 16. október sem er lántaka Orkuveitu Reykjavíkur. Ég tel að það sé ástæða til að fagna gleðifréttum þegar tilefni gefst til en það er mikið gleðiefni fyrir Reykvíkings og aðra eigendur Orkuveitu Reykjavíkur að Orkuveitan hafi tryggt sér 170 milljón evru lán á mjög hagstæðum kjörum eða með 9,8 punktum yfir EURIBOR en þau kjör eru mun betri en þau sem almennt bjóðast á alþjóðlegum mörkuðum. Þessi lánskjör endurspeglar bæði það traust sem borið er til fyrirtækisins og þá virðingu sem Orkuveitan hefur áunnið sér. Ljóst er að eftir vel heppnaða orkunýtingu jarðvarma síðastliðinn áratug stendur Orkuveitan framur öðrum jarðvarmafyrirtækjum í heiminum. Það er þekking sem er mikils virði og mikilvægt nú við þær aðstæður sem þjóðin stendur frammi fyrir að sú þekking verði nýtt. Ekki bara hér innanlands heldur einnig erlendis en í því felast miklir möguleikar til gjaldeyrissköpunar og ekki veitir af.

Sú lántaka sem hér um ræðir er til framkvæmda hér innanlands. Framkvæmda sem einnig munu skila gjaldeyriskjóm með raforkusölusamningum til stórnotenda. Þessi lántaka er mikilvægt skref í að gera Orkuveitunni kleift að hrinda metnaðarfullum áformum sínum um virkjun jarðvarma í framkvæmd. En á næstu árum er fyrirhugað að virkja á Hengilssvæðinu 225 megawött sem er rúmlega tvöföldum á raforkuframleiðslu fyrirtækisins. Um er að ræða 90 megawött sem nást með fimmta áfanga á Hellisheiði, 90 megawött með nýrri virkjun í Hverahlíð og 45 megawött sem munu bætast við á Nesjavöllum eða annars staðar á Hengilssvæðinu. Það er rétt að undirstrika að um þessar virkjanir er sátt í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Lánið sem við erum að samþykkja er hugsað til þess að mæta allt að helmingi af fjárþörf við þessar fyrirhuguðu framkvæmdir. Það er mikilvægt fyrir allt samfélagið að þessar framkvæmdir haldi sér og þær takist vel. Hins vegar er líka mikilvægt að allir geri sér grein fyrir því að fall krónunnar hefur gert það að verkum að eiginfjárstaða Orkuveitunnar hefur versnað mikið á þessu ári þar sem

Bstj. 21. október 2008

meginþorri lána fyrirtækisins er í erlendri mynt. Fyrirtækið er því að teygja verulega á þanþoli sínu með því að halda til streitu þeim fjárfestingum sem fyrirtækið hefur ráðgert. Það er mikilvægt að fyrirtækið klári ofangreindar framkvæmdir áður en hugað verði að frekari framkvæmdum. Við megum alls ekki teygja okkur svo langt í framkvæmdum og skuldsetningu að sterkri stöðu Orkuveitunnar verði stefnt í voða.

Forseti: Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls Óskar Bergsson, borgarfulltrúi.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil taka undir orð Sigrúnar Elsu Smáradóttur, borgarfulltrúa, um það fagnaðarefni að þessi lántaka skuli hér vera heimiluð og okkur hafi staðið til boða þetta mikilvæga framkvæmdalán til Orkuveitu Reykjavíkur vegna virkjana á Hellisheiði og ég get svosem gert öll hennar orð að mínum í því um mikilvægi þess að við förum inn í öflugt framkvæmdastig á Hellisheiði við þessar aðstæður í gjaldeyrisskapandi verkefnum sem þar um ræðir og ég vil bara nota tækifærið um leið og ég óska okkur öllum til hamingju með þetta og tel næsta víst að sú tillaga sem hér liggur fyrir verði samþykkt samhljóða hér í borgarstjórn að það hafa líka orðið breytingar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á undanförunum vikum og mánuðum sem eru mjög mikilvægar. Mikilvægar að öllu leyti.

Það sem Orkuveita Reykjavíkur í raun og veru leið fyrir og hafði liðið fyrir í mörg ár var ágreiningur um fyrirtækið. Ágreiningur um margþætta starfsemi fyrirtækisins þannig að þetta flaggskip okkar Reykvíkinga í okkar b-hlutafyrirtækjum, það var í raun og veru stöðugur ófriður í fyrirtækjunum. Allir óskuðu þess, sérstaklega starfsfólk fyrirtækisins, að þessum ófriði myndi linna og það myndi nást sátt í störfum fyrirtækisins. Það hefur tekist og það er kominn breyttur starfsandi í stjórn fyrirtækisins og því ber að fagna.

Ég vil minna á að það náðist þverpólítísk niðurstaða um ráðningu nýs forstjóra sem ég tel að hafi verið mjög mikilvægt til þess að halda áfram á sömu braut, það er að segja sáttabrautinni. Það hefur náðst sátt um REI í stjórn Orkuveitunnar og það er sátt um það að hefjast handa um nýja stefnumótun fyrir fyrirtækið. Þetta held ég að sé mikilvægt og mikilvægt skref fyrir nýja stjórn, nýjan forstjóra að taka til starfa að það sé sátt í stjórn fyrirtækisins og einhugur þar um það að leggjast í þá vinnu að móta stefnu fyrir fyrirtækið til framtíðar. Lántakan sem hér um ræðir er mikilvægur þáttur í því að Orkuveita Reykjavíkur verði áfram það flaggskip okkar Reykvíkinga sem það hefur verið fram að þessu.

Bstj. 21. október 2008

Forseti: Óskar Bergsson, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 21. október 2008

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Virðulegi forseti, borgarfulltrúar. Ég ætlaði nú að ræða sama mál og Sigrún Elsa Smáradóttir og Óskar Bergsson, borgarfulltrúar, hafa hér gert að umtalsefni og ætla þess vegna ekkert að lengja þessa umræðu mikið heldur bara fagna því að Orkuveitunni skuli hafa tekist að fá þetta lán á þessum tímum og fagna því trausti sem einmitt felst í því að Orkuveitan skuli fá þetta háa lán á svona kjörum og eins og stendur í umsögn fjármálaskrifstofu sem var gerð vegna þessarar lántöku, þá stendur orðrétt, með leyfi forseta:

Lánið er ætlað til fjármögnunar á framkvæmd vegna Helligheidarvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar. Vaxtakjör eru sérstaklega hagkvæm. Lánveitingin og vaxtakjör bera vitni um mat lánveitenda á þeim fjárhagslega styrk sem Orkuveita Reykjavíkur býr yfir til langs tíma.

Þetta skiptir auðvitað miklu máli fyrir fyrirtækið, Orkuveitu Reykjavíkur, en ekki síður fyrir sveitarfélögin sem að því standa við þessar aðstæður og ég tek undir með Óskari Bergssyni eins og hann sagði hér í ræðunni sinni fyrr á fundinum í dag þegar hann nefndi að þetta væru kannski svona jákvæðustu fréttirnar sem við höfum heyrt af íslensku athafna- og atvinnulífi í langan tíma, allavega undanfarnar vikur og held að við hljótum að vera afar sátt við að þetta sé með þessum hætti og fagna því líka hversu góð sátt er um þessi mál á vettvangi stjórnar Orkuveitunnar.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Svandís Svavarsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég tek sömuleiðis til máls undir þessum lið fundargerðar borgarráðs frá 16. október varðandi lántöku Orkuveitu Reykjavíkur og ætla þá sérstaklega, fyrir utan það, að fara hér í kjölfar annarra sem hafa tekið til máls með fagnaðarlætin að því er varðar lántökuna að vekja athygli borgarfulltrúa sérstaklega á því að hér er um að ræða orkuöflun, bæði í Hellisheiðarvirkjun eða stækkunina þar og Hverahlíðarvirkjun sem gefa tilefni til þess að hugað verði að fjölbreyttari kostum til orkusölu á svæðinu heldur en hefur að jafnaði verið litið til og ég vil bara nefna það sérstaklega í ljósi efnahagsaðstæðnanna og þeirri hugsun að við eigum ekki að hafa öll egginn í sömu körfunni að við höfum einungis skrifað undir samning um fyrsta áfanga Helguvíkur en ekki annan og þriðja heldur aðeins viljayfirlýsingar þar og ég tel að við ættum að leggja töluvert á okkur til þess að ná fleirum og fjölbreyttari möguleikum til orkusölu frá þessum orkukostum sem þarna eru í farvatninu og hef væntingar til þess að samstaða náist um það í stjórn Orkuveitunnar, rétt eins og verið hefur um aðrar lykilákvarðanir.

Forseti: Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá hefur beðið um orðið Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil leggja áherslu, eins og sumir fyrri ræðumanna hafa gert, á að sú lántaka sem hér er til umræðu, henni verði beint til þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið ákveðnar, það er að segja Helligheiðarvirkjun og Hverahlíð en vara við því sem hefur komið fram í umræðunni í þjóðfélaginu nýlega þar sem menn hafa svolítið orðið óttaslegnir og vilja flýta sér hratt og jafnvel ekki gæta að því að það verður að fara fram vönduð undirbúningsvinna fyrir önnur verkefni sem ekki eru lengra komin og ég vara þess vegna sérstaklega við því að nú verði, án þess að fara í nægilegar umhverfissrannsóknir eða undirbúning eða könnun á málum, vaðið af stað í Bitruvirkjun.

Það að það séu erfiðir tímar núna má ekki verða til þess að við förum að forgangsraða rangt í virkjunarmálum og sitjum uppi með óbætánleg náttúruspjöll í framtíðinni, við skuldum komandi kynslóðum það eftir allan flotræfilsháttinn að undanfögnu að við göngum ekki með fruntalegum hætti á auðlindir, förum að taka lán í sjónum umfram það sem fiskifræðingar ráðleggja eða án nægilegra rannsókna eða umhverfismats að ráðast í virkjanaframkvæmdir sem þar að auki er ekki möguleiki á að klára á allra næstu misserum. Þannig að ég vona að menn gæti þess að halda sig við það sem þegar hefur verið ákveðið og taka ekki toll af komandi kynslóðum í því að vaða í auðlindir sem þær eiga rétt á að við umgöngumst af virðingu og varfærni þannig að við sitjum ekki uppi með skemmdir á þessum auðlindum sem hægt væri að komast hjá. Þannig að ég boða það að menn flýti sér hægt og vandi undirbúning og umhverfissrannsóknir áður en þeir fara í þriðju virkjunina á virkjanasvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Forseti: Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu, þá hefur óskað eftir að veita andsvar Óskar Bergsson, borgarfulltrúi.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Bara rétt vegna orða borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar um að þessi samþykkt hér feli ekki í sér annað heldur en virkjanir við stækkun Helligheiðarvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar, þá er það rétt. Um það snýst þessi lánsheimild hér. Hins vegar er rétt að benda borgarfulltrúanum á og minna á það að sá meirihluti sem hér hefur verið myndaður var meðal annars myndaður um frekari virkjanir á svæðinu, meðal annars Bitruvirkjun, um að rannsóknarborunum þar yrði fram haldið, þótt að það komi þessu máli ekki sérstaklega við held ég að sé rétt samt sem áður að ítreka það í þessari umræðu að menn eru ekkert að hverfa frá því og ekki síst í ljósi þess sem kemur fram hjá borgarfulltrúa og oddvita Vinstri grænna, Svandísi Svavarsdóttur um mikilvægi þess að við séum að horfa kannski til annarrar atvinnusköpunar heldur en álbræðslu þegar kemur að virkjanaframkvæmdum, þá einmitt hékk það á spýtnni í sambandi við Bitruvirkjun að það var kísilflöguverksmiðja í Þorlákshöfn sem þar var orkukaupandi þannig að þar voru menn að horfa til annarrar atvinnusköpunar heldur en álbræðslu og þess vegna var í rauninni tjónið ennþá meira fyrir vikið að menn skyldu hverfa frá því á sínum tíma.

Forseti: Óskar Bergsson, borgarfulltrúi, hefur lokið við að veita andsvar. Þá óskar eftir að svara andsvari Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi.

Bstj. 21. október 2008

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þrátt fyrir að það hafi verið sagt við myndun nýs meirihluta að hann ætlaði að stefna fast og ákveðið að því að ráðast í Bitruvirkjun þá hef ég ekki trúað að af því verði. Ég þekki, sem fyrrverandi sjálfstæðismaður, mjög vel stefnuleysi og tækifærismennsku Sjálfstæðisflokksins í orkumálum þannig að þótt þeir hafi sagst ætla að gera þetta þá er ég samt viss um þegar upp verður staðið að þeir munu sjá að það er miklu betra að verja þeim fjármunum sem við höfum til afnota þarna að vinna hratt og ákveðið í Hverahlíð og Hellisheiðarvirkjunum en geyma til framtíðar ákvarðanir um Bitruvirkjun.

En ég treysti því að skynsemi muni ráða hvað sem menn sögðu við nýja meirihlutamyndun því menn þurftu nú að finna sér ýmis ásteytingsefni þegar var ákveðið að fara í nýja helmingaskiptastjórn með Framsóknarflokknum en hún byggðist ekki á málefnum heldur á valdastólum. Það þekki ég af eigin raun og ég er fullviss um það að menn munu þegar upp er staðið bera gæfu til þess að fara ekki í flýti og óvarkární í Bitruvirkjun sem myndi alls ekki eiga rétt á sér á undan mörgum öðrum framkvæmdum sem eru umhverfisvænni heldur en að eyðileggja náttúruperlurnar þar.

Forseti: Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi, hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur kvatt sér hljóðs borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Svandís Svavarsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir sveigjanleika sem mér er sýndur hér í fundarstjórn. Varðandi orð borgarfulltrúa Óskars Bergssonar um kísilflöguverksmiðju og breytingar á þeim áformum þá held ég að það sé ágætt að það sé leiðrétt hér í heyranda hljóði af því að það hefur nú verið gert á lokuðum fundum þegar borgarfulltrúinn hefur haldið því fram að breytingar á áformum um Bitruvirkjun hafi ráðið úrslitum að því er varðar þetta tiltekna fyrirtæki, það er rangt. Það var ekki þannig. Það voru heldur ekki skilyrði um umhverfismat sem hefði verið sett hér á Íslandi heldur aðrar ástæður sem vörðuðu efnahagsumhverfið hér, flutning á starfsfólki og ýmislegt slíkt sem væri ágætt fyrir borgarfulltrúann að kynna sér því það hefur á sér yfirbragð þess að hann sé algjörlega fastur í þeirri hugmynd að Bitruvirkjun sé upphaf og endir alls sem ég vil nú bara benda honum á að er töluvert langt frá því. Var það ekki þegar þessi meirihluti var settur saman og er ennþá fjarri því þessa dagana og ef að það að eitthvað stóð í lok ágúst í málefнасamningi nýs meirihluta þýðir að þar með sé það klappað í stein, nú þá skulum við bara fara að skoða hvernig sá málefнасamningur stenst tímans tönn miðað við þær efnahagsástæður sem nú eru komnar upp.

Forseti: Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá hefur Óskar Bergsson, borgarfulltrúi, óskað eftir að taka til máls.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það fór nú aldrei svo að við næðum ekki að taka upp gamla takta í pólitískri umræðu hér í Borgarstjórn Reykjavíkur en mér þótti rétt að ítreka það eftir ræðu oddvita F-listans að menn eru ekki að hverfa frá neinum áformum um Bitruvirkjun og ég vil nú bara að mörgu leyti undrast í raun og veru hörkuna í málflutningi borgarfulltrúa Svandísar Svavarsdóttur vegna þessa máls og fullyrðingar um það að kísilflöguverksmiðjan hafi ekki horfið frá Íslandi vegna þessarar ákvörðunar stjórnar Orkuveitunnar. Það er náttúrulega bara fullyrðing sem í raun og veru heldur ekki þegar betur er að gáð og öll kurl eru komin til grafar. Þannig að það má segja að það sé fullyrðing gegn fullyrðingu og ég sé kannski ekki mikilvægi þess og nauðsyn þess að við ræðum það mál til hlítar hér í dag undir þessum lið þar sem almenn sátt er um þá lánveitingu sem hér ræðir og snertir þetta mál ekki sérstaklega en ég held að það sé bara gott veganesti fyrir okkur til framtíðar að skipta ekki skoðunum þannig hér að menn séu að vera með brigsli um það að sá sem síðast tók til máls hafi ekki haft döngun eða hvaðeina til að kynna sér málin vegna þess að ég ber þær sakir af mér og fullyrði að það sem hér hefur verið sagt af minni hálfu, það stenst ef menn gefa sér tíma til að rýna í það.

Forseti: Óskar Bergsson, borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi, hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

Bstj. 21. október 2008

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Svandís Svavarsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það sem ég hef til míns máls hér er fréttatilkynning frá eigendum Rekk þegar tilkynnt var um þessa ákvörðun. Þannig að ef borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur einhverjar betri upplýsingar um það, þá náttúrliga er það áhugavert. Ég myndi einnig, kannski bara við síðara tækifæri og það er ágætt að það er bent á að þetta er kannski tilefni til að eiga lengri og dýpri umræður um þessi mál, að þá væri ánægjulegt að heyra í borgarfulltrúa Kjartani Magnússyni sem var þá formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og við höfum átt ágætis spjall um forsendur fyrir þessari breytingu á sínum tíma.

Forseti: Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið við að veita andsvar. Þá er andsvörum lokið. Er borgarfulltrúinn að biðja um orðið? Já. Þá hefur óskað eftir að taka til máls Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Af langri reynslu í Borgarstjórn Reykjavíkur eða átján ár þá veit ég að menn eru býsna oft tilbúnir að skipta um skoðun. Ekki bara eftir vindátt heldur líka eftir staðreyndum og eins og ég segi þá, aðstæður í þjóðfélaginu og aðstæður líka í orkugeiranum þar sem við þurfum nú fyrst og fremst að standa vaktina um að þar verði ekki einkavinavætt á næstunni, það hefur komið mjög skýrt fram í umræðum núna þegar búið er að klúðra ríkisbönkunum á eftirminnilegan hátt þá verður næst borið víurnar í fallvötnin, í virkjanirnar, í orkufyrirtækin, í orkulindirnar og meira að segja drykkjarvatnið. Við þurfum svo sannarlega að standa vaktina þarna og líka að gæta þess að vel sé staðið að umhverfismálum í sambandi við virkjanir og umhverfismat og farið eftir lagalegu og faglegu ferli í hvívetna. En ég get aftur af langri reynslu, stundum góðri og stundum biturri, fullyrt það við borgarfulltrúa Óskar Bergsson að hann getur alveg treyst því að félagar hans í Sjálfstæðisflokknum í núverandi meirihluta geta hvenær sem er skipt um skoðun í þessu máli. Hann getur treyst því.

Forseti: Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Borgarstjóri, hæstvirtur, tekur til máls.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Aðeins örstutt vegna þessarar umræðu hér þá veit ég ekki alveg hvaðan borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon kemur í þessu máli vegna þess að honum var það fullljóst í langan tíma og ég veit ekki hversu mörg samtöl ég tók við hann um það að við ættum ekki fulla samleið hvað varðaði afstöðu okkar til Bitruvirkjunar. Þannig að það má nú vera borgarfulltrúanum ljóst og held að það hafi verið honum það allengi. Það stendur í málefnasamningi þessa meirihluta orðrétt, með leyfi forseta, að rannsóknir vegna Bitruvirkjunar hefjist á ný og við það verður auðvitað staðið.

Ég held reyndar að umræðan hér kristalli bara ágætlega. Það var eins og borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir sagði áðan að þrátt fyrir að menn standi saman um ákveðna hluti sem skipta máli á ákveðnum tímum og við eigum að gera það eins oft og þurfa þykir, þá felst líka í því ákveðin pólitík og oft rammast hún nokkuð vel inn þegar menn fara einmitt í það verkefni sem við erum núna í og hún lýtur meðal annars að þessu, virkjanaframkvæmdum. Það er bara himinn og haf á milli okkar. Og þannig er það og hefur verið og verið lengi.

Ég veit ekki alveg, þegar borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon vísar til þess að Sjálfstæðisflokkurinn sé svo vaklandi í þessu máli, ég veit ekki betur en að borgarfulltrúinn hafi farið úr Sjálfstæðisflokknum, einmitt vegna þess að hann átti ekki samleið með okkur í þessum málum. Það er kannski ástæðan fyrir því að borgarfulltrúinn átti ekki lengur samleið með Sjálfstæðisflokknum, ekki að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið vaklandi í afstöðu sinni heldur vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn var ekki sammála borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni og Ólafur F. Magnússon var ekki sammála Sjálfstæðisflokknum. Það er einmitt ástæðan fyrir því og ein af stóru ástæðunum fyrir því að fyrrverandi meirihluti gat ekki gengið lengur, það var sá skýri og klári afstöðumunur hvað þetta varðaði. Þannig að ég get fullvissað Ólaf F. Magnússon um það að við þennan hluta í málefnasamningnum verður að sjálfsögðu staðið.

Bstj. 21. október 2008

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að veita stutt andsvar.

3. mál Fundargerð borgarráðs frá 9. október
Fundargerð borgarráðs frá 16. október
- 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur
- 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Við getum tekið hér langa umræðu um það af hverju síðasta meirihluta var slitið. Það yrði of langt mál að fara út í það hér. Ég mun gera það síðar en það er grundvallarmisskilningur að það hafi verið gert á málefnalegum forsendum. Það var einfaldlega ákveðið í Sjálfstæðisflokknum að tími Hönnu Birnu Kristjánsdóttur væri kominn til að verða borgarstjóri. En ég ætla ekki út í þá umræðu hér. Ég frábið mér að það sé reynt að breiða yfir það með einhverju tali um málefnalegan ágreining.

Hafi hann verið fyrir hendi var reynt að fela hann frá upphafi og það má kannski segja, það getur vel verið að það hafi verið gengið til síðasta samstarfs af allt öðru en fullum heilindum og ekki meint það sem menn bæði undirrituðu og handsöluðu og lofuðu í bak og fyrir að standa við. En svo mikið er víst að það hafi verið málefnalegur ágreiningur sem varð til þess að mjög skyndileg ákvörðun var tekin um það að ekki yrði aftur snúið við og gengið til samstarfs í helmingaskiptastjórn við Framsóknarflokkinn, það er eitthvað sem ég veit að er rangt og læt ekki bjóða mér að segja hér í þessum sal.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að veita andsvar. Þá er næst að afgreiða tvo liði í þessum dagskrárlið, það er að segja 12. liður; lántaka Orkuveitu Reykjavíkur og 20. liður; kosning fulltrúa og varafulltrúa í hverfisráð Hlíða. Er óskað eftir því að 12. liður verði lesinn upp? Það er ekki. Þeir sem samþykkja 12. lið gefið merki. Er einhver á móti? Við skulum endurtaka atkvæðagreiðsluna því það er eins gott að hafa þetta alveg á tæru. Þeir sem eru hlyntir þessu eða samþykkja þennan lið gefið merki. Hann er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum, fimmtán atkvæðum. Þá er það liður númer 20. Það er lagt til að Jóhann Birgisson taki sæti í hverfisráði Hlíða í stað Þorbjargar Þórhallsdóttur og Ingvi Örn Ingvason taki sæti varamanns í stað Jóhanns. Þeir sem samþykkja þetta gefið merki. Er einhver á móti? Það er ekki, liðurinn er samþykktur með 14 atkvæðum og einni hjásetu. Þá er tekinn fyrir næsti liður, fjórði liður á dagskrá. Það er fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 13. október, það eru fundargerðir íþróttá- og tómstundaráðs frá 17. september og 10.

Bstj. 21. október 2008

október, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 10. október, fundargerð menntaráðs frá 8. október, fundargerðir skipulagsráðs frá 8. og 15. október og fundargerð velferðarráðs frá 8. október. Það er enginn sem óskar eftir að taka til máls og þá er umræðum um þennan lið lokið. Fleira er ekki á dagskrá borgarstjórnar og fundi er slitið klukkan 16.05.